

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL303 Vorönn 2013	

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, BEB, KRÁ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast um tungutak fonrmálsins, auk þess sem þeir kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fræðast um flokka sagna frá þessu tímabili og sérkenni hvers þeirra, m.a. út frá stílfræðilegum einkennum. Í áfanganum er lesin ein Íslendingasaga, valin eddukvæði og dróttkvæði auk Völuspár og hluta Hávamála. Einnig eru lesin nokkur valin helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og valdir kaflar úr konungasögum og Sturlungu.

Markmið:

Að nemandi

- rifji upp heimsmyndina sem lýst er í *Gylfaginningu*
- þekki forna bragarhætti
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goða- og hetjukvæði, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- kynnist helgikvæðum og veraldlegum skáldskap frá síðmiðöldum
- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi og þekki helstu flokka sagna frá upphafi ritunar
- lesi valin sýnishorn úr konungasögum og Sturlungu
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar

Námsgögn:

- *Bókmenntir í nýju landi* eftir Ármann Jakobsson, gefin út 2012.
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút S. Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar.
- *Egils saga* í útgáfu Máls og menningar frá 1992 og síðar. Athugið að *Egils saga* er einnig til í ýmsum öðrum útgáfum.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (5 vikur) 7. janúar – 8. febrúar

Kynning á áfanganum og námsefninu. Stutt upprifjun á helstu frásagnarþáttum *Gylfaginningar*. Farið verður í **eddukvæði** með megináherslu á Völuspá og Hávamál (*Ormurinn langi* bls. 7 – 70, *Bókmenntir í n.l.* bls. 8 - 33). **Lotunni lýkur með 20% prófi.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL303 Vorönn 2013	

2. lota (3 vikur) 11. febrúar – 1. mars

Dróttkvæði, helgikvæði og veraldlegur kveðskapur frá síðmiðöldum: Áhersla er lögð á bragfræðileg einkenni og sérhæft skáldamál dróttkvæða (*Bókmenntir í n. l. bls. 36 - 48, Ormurinn langi bls. 91, 109, 111*). Farið yfir valdar dróttkvæðar vísur. Einnig er fjallað um helgikvæði og veraldleg kvæði frá síðmiðöldum og lesin valin dæmi (*Ormurinn langi bls. 141 – 156 og 171-176, Bókmenntir í n. l. bls. 65, 113, 123 - 129*).
Lotunni lýkur með 10% prófi.

3. lota (3 vikur) 4. - 15. mars

Upphaf ritunar og sagnabókmennta: Kynning á því fyrsta sem ritað var á íslensku og helstu flokkum sagnabókmennta. Megináherslan verður lögð á helstu sérkenni Íslendingasagna hvað varðar stíl, byggingu og persónusköpun, en einnig verður fjallað um aðra flokka sagna, Íslendingabætti, konungasögur og samtímasögur og lesin valin dæmi úr þeim flokkum (*Ormurinn langi bls. 113 – 123 og 133-137, Bókmenntir í n. l. bls. 34 – 35, 49 – 112, 114 – 122*).

4. lota (5 vikur) 18. mars – 30. apríl (ath. hér kemur páskafrí inn í)

Egla: Kynning og inngangur. Lesinn inngangur sögunnar („Um Egils sögu“ bls. vii – xxxv) og farið yfir hana í áföngum. **Unnin verkefni með ýmsu móti en um miðjan apríl verður lotupróf úr sögunni sem gildir 10% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr kvæðum af ýmsu tagi, auk <i>Bókmennta í nýju landi</i> (1. og 2. lota)	30%
Lotupróf úr Egils sögu	10%
Lokapróf annar (efni 3. og 4. lotu)	60%

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.5 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils